

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Rangárþing eystra
Hlíðarvegi 16
860 Hvolsvöllur



Reykjavík 4. ágúst 2016
UST201607-008/K.S.J.
10.04.03

Efni: Tillaga að deiliskipulagi útivistar- og ferðamannasvæðis við Hamragarða og Seljalandsfoss, Rangárþingi eystra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 1. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi útivistar- og ferðamannasvæðis við Hamragarða og Seljalandsfoss, Rangárþingi eystra.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að skipulagssvæðið er um 90 ha og er afmarkað af línu ofan hamrabrúnar í austri að vegamótum Þórsmerkurvegur og Suðurlandsvegur í suðri. Svæðið fylgir Suðurlandsvegi að Markarfljóti, sem markar vesturmörk svæðisins og Gljúfurá sem er norðurmörk svæðisins. Aðkoma er frá Suðurlandsvegi um Þórsmerkurveg og af honum inn á núverandi bílastæði við Seljalandsfoss og hins vegar að tjaldsvæði að Hamragörðum.

Einnig kemur fram að Hamragarðar og Seljalandsfoss eru einn fjölsóttasti ferðamannastaður Suðurlands. Þórsmerkurvegur liggur um svæðið en um hann er meginleið inn í Þórsmörk, eitt fjölfarnasta ferðamannasvæði landsins.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í umfjöllun um minjar og verndarsvæði en þar segir að við gerð deiliskipulagsins sé tekið tillit til þess hve mikilvæg sjónlínan er að Seljalandsfossi frá Suðurlandsvegi og því forðast að staðsetja mannvirki á sjónsvið frá vegi á um 350 m vegkafla.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir það að sviðsmynd A er kosin til útfærslu. Fram kemur í samanburði valkosta að stefnan með valkosti A gefur besta einkunn hvað varðar jákvæð og neikvæð áhrif viðkomandi stefnu. Þó kemur fram að staðsetning þjónustuhúss skv. sviðsmynd A er áberandi frá fossinum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að vinna að því að þjónustuhús og svæðið umhverfis það falli sem best að umhverfinu svo sjónræn áhrif verði lágmörkuð eins og kostur er.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Sérfræðingur